

**Hér á eftir eru ýmsar hugmyndir sem hægt er að nýta við úrvinnslu verkefna í *Tungutaki – Ritun handa framhaldsskólum*. Í verkefnunum er lögð áhersla á undirbúning ritsmíða og þjálfun í skipulegum efnistökkum. Að lokinni yfirferð er hægt að láta nemendur semja ritgerð um tiltekið efni þar sem þeir þurfa að nýta sér þá þætti sem þjálfaðir hafa verið.**

#### Verkefni 1

Í b-lið er sniðugt að láta nemendur vinna í hópum og hver hópur getur t.d. fundið 5 dæmi. Dæmunum er svo safnað saman á töfluna og þau rædd. Í kjölfar umræðna bætast alltaf við fleiri dæmi. Þarna skapast oft fjörugar umræður þar sem tilvalið er að ræða um íslenska málstefnu, áhrif ensku og hvort styttingar í rafmáli hafi með tímanum áhrif á þróun málsins.

#### Verkefni 2

Nemendur geta unnið lið 1 í hópum. Þeir geta svo búið til efnisflokka á töfluna þar sem hver hópur kemur með dæmi um efnisorð sem tengist hverjum flokki. Hugmyndavefinn getur kennarinn líka unnið með nemendum á töflu.

#### Verkefni 3

Hér gefst vel að láta nemendur móta rannsóknarspurningu/efnisyfirlýsingu heima. Kennari getur síðan tekið nokkur dæmi frá nemendum og sett á töfluna. Bekknum er svo skipt í hópa og hópurinn velur sér rannsóknarspurningu af töflunni til að vinna út frá.

#### Verkefni 4

Hér er gott að láta nemendur vinna í hópum. Þá skapast um leið umræður um hvernig og hvar eigi að skipta textanum í efnisgreinar. Lausnin er þessi:

1. efnisgrein: Þetta eru undarlegir dagar...

Lykilheiti: Ofgnótt á jólum.

2. efnisgrein: Í jólapökkunum sem lágu...

Lykilheiti: Innihald jólapakkanna.

3. efnisgrein: Það sem ég vildi sagt hafa...

Lykilheiti: Dyggðir sem gjafir.

4. efnisgrein: Við búum í samfélagi þar sem ríkjandi eru...

Lykilheiti: Kristin viðhorf og gildi.

5. efnisgrein: Það má til dæmis velta því fyrir sér...

Lykilheiti: Dæmisaga og lokaorð.

#### Verkefni 5

Þetta er tilvalið heimaverkefni sem hægt er að fá einhverja til að lesa upp í tíma.

### Verkefni 6

Þetta verkefni er sniðugt að ljósrita og klippa niður í strimla fyrir nemendur. Þeir eiga þá auðveldara með að raða saman efnisgreininum. Það gefst vel að vinna þetta verkefni í hóp.

Lausn: E – B – A – D – F – C

### Verkefni 7

Hér fá nemendur tækifæri til að nota sköpunargáfuna. Þetta verkefni finnst nemendum skemmtilegt að vinna í litlum hópum og auðvitað er upplagt að hóparnir lesi upp sína lausn.

### Verkefni 8

Markmiðið hér er að fá nemendur til að átta sig á mikilvægi góðs undirbúnings, þ.e. gerð rannsóknarspurningar og efnisgrindar. Unnið er með hugmyndalistana í 14. verkefni. Gott er að láta þá glíma við þetta einslega og bera svo saman og ræða í tíma.

### Verkefni 9

Þetta verkefni geta nemendur unnið einir, t.d. heima, og borið svo lausnir sínar saman. Þá þurfa þeir að rökstyðja röðunina hver fyrir öðrum. Engin ein lausn er rétt heldur er aðalmarkmiðið að nemendur raði lykilsetningum í rökrétta röð og geti rökstutt það.

### Verkefni 10

Þetta verkefni geta nemendur unnið einslega en sniðugt er að bera niðurstöður saman munnlega eða á töflu.

Lausnin gæti verið eftirfarandi:

Niðurstaða: Brjóstamjólk er best!

Efnisþættir:

1. Þurrmjólk kemur ekki fullkomlega í stað brjóstamjólkur.
2. Kúamjólk er afar óæskilegur kostur fyrstu 6 mánuðina.
3. Brjóstamjólk hefur jákvæð áhrif á heilsufar barna og mæðra.
4. Brjóstagjöf er einstaka sinnum óæskilegur kostur.
5. Brjóstagjöf er mikilvægur atburður fyrir móður og barn.

### Verkefni 11

Þetta verkefni er gott einstaklingsverkefni sem t.d. er hægt að vinna heima. Síðan má mynda hópa þar sem hópmeðlimir skoða og bera saman niðurstöður sínar. Einnig væri hægt að vinna þetta sem tímaverkefni. Loks getur nemendahópurinn skoðað og rætt nokkrar úrlausnir (t.d. hægt að varpa þeim upp).

### Verkefni 12

Hér er kjörið að láta nemendur vinna í pörum. Síðan gæti kennari varpað nokkrum úrlausnum nemenda upp á töflu og notað í umræður.

Í framhaldi af því gæti kennari komið með tilbúinn texta sem þyrfti að laga, t.d. hvað varðar málfar og setningaskipan. Önnur hugmynd er að búa til tvo texta um sama efni þar sem annar textinn er lýtalaus en hinn með ambögum. Nemendur ættu síðan að finna út um hvers konar ambögur er að ræða.

### Verkefni 13

Í umfjöllun um fréttir og fyrirsagnir er upplagt að gera nemendum grein fyrir því hversu miklu máli skiptir að fyrirsagnir séu grípanði. Eins er mikilvægt að þær séu skýrar en stundum hafa tvíræðar fyrirsagnir, sem nemendum finnst skemmtilegar, sést í fjölmiðlum, t.a.m.:

Tori Spelling reið móður sinni.

Drottning reið tengdadóttur sinni.

Impregilo á sumarbústaðamarkaðinn.

Skreið frá Íslandi til Nígeríu.

### Verkefni 14

Markmiðið með þessu verkefni er að sýna nemendum fram á mikilvægi þess að hafa tilbúna efnisgrind þegar maður sest niður við skriftir. Best er að hver nemandi vinni þetta verkefni sjálfstætt.

### Verkefni 15

Þetta er verkefni sem tekur a.m.k. tvær kennslustundir. Í fyrri kennslustundinni gætu nemendur unnið og tekið kannanirnar og í seinni tímanum gert skýrsluna. Til þess að spara tíma gæti kennari verið búinn að útbúa könnunarblöð fyrir hvern hóp.

### Verkefni 17

Þetta er ágætt einstaklingsverkefni en nemendahópurinn getur ákveðið í sameiningu 2-3 umkvörtunarefni.

### Verkefni 19

Hér er upplagt að nota tækifærið og láta nemendur flytja tækifærisræðurnar.

Hægt er að vinna viðbótarverkefni þar sem skipt er í hópa og nemendur semja rökræðu um ákveðið efni. Hver hópur gæti valið sér framsögumann sem flytur ræðuna með tilþrifum.

### Verkefni 20

Áður en nemendur vinna þetta verkefni er ágætt að rifja upp þá aðferð að strika undir aðalatriði textans og finna lykिलheiti fyrir hverja efnisgrein. Það auðveldar þeim úrvinnsluna.

### Verkefni 21

Áður en nemendur vita að þeir eiga að vinna þetta verkefni er skemmtilegt að láta hvern og einn hugsa sér tölu frá 1-6. Þeir nemendur sem velja sér töluna 1 vinna fyrsta verkefnið, þ.e. skrifa frétt, og svo koll af kolli. Þetta geta nemendur unnið einstaklingslega eða myndað hópa sem samanstanda þá af þeim sem völdu sömu tölu.

### Verkefni 22

Þetta verkefni reynist mörgum erfitt. Hér er gott að benda þeim á að strika undir aðalatriði og finna lykilheiti svo að auðveldara sé að vinna útdráttinn (sbr. verkefni 20). Eins er gott að benda þeim á að ákveða í upphafi hvað í textanum eigi að vera beinar tilvitnanir. Hér er einnig verið að kenna gerð tilvitnana og tilvísana og því gott að vinna þetta verkefni í tölvum í kennslustund svo að kennari geti leiðbeint um leið.

### Verkefni 23

Hér getur kennari einnig verið búinn að ljósrita titilsíður heimilda. Þá fá allir sömu heimildirnar til að vinna úr.

### Verkefni 24

Hér er upplagt að leyfa nemendum að flytja sögurnar sínar.

### Verkefni 25

Hér er verið að sýna nemendum fram á að jafnvel í litlum textabút sem þessum er að finna margvíslegar upplýsingar um þessa þætti.

Hugmynd að svari:

Ytri tími: IKEA, jól, kona fer ein á bar.  
Greinilega samtímasaga.

Innri tími: Kvöldstund, fer á bar og yfirgefur svo staðinn.

Umhverfi sögunnar:

Reykjavík, Klapparstígur, skemmtistaður, gift kona, maður konunnar er líffræðingur, slydda.

### Verkefni 26

Þetta verkefni er skemmtilegt að vinna í hóp eða pörum og um að gera að leyfa nemendum að flytja verkefnið.